

Ed.

450. Nefndarátt

um frumvarp til laga um bankaráð Íslands.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn er meiri hlutanum samþykkur í því, að mál þetta eigi ekki fram að ganga, en leiðirnar skiftast um það, hvort vísa eigi málinu til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá þess efnis, að stjórnin ihugi málið og undirbúi það og leggi tillögur sínar fyrir næsta þing, að því er virðist, á grundvelli þessa frumvarps.

Þetta telur minni hlutinn alveg óaðgengilegt, og ber margt til þess, eins og nú skal vikið að:

1. Það mun hvergi tíðkast, að bankaráð sje skipað, sem ráða eigi yfir fleirum en einum banka í senn.
2. Eigi verður heldur sjeð, að Alþingi hafi nokkurn rjett til að skipa nýtt bankaráð yfir Íslandsbanka, ofan á það löglega kjörna bankaráð, sem fyrir er.
3. Þá sjer minni hlutinn ekki, að næg trygging fyrir yfirstjórn banka geti falist í bankaráði svo skipuðu, sem frumvarpið ætlast til, og skilur heldur ekki í því, hvernig á því stendur, að annar aðalatvinnuvegur landsins, sjávarútvegurinn, er algert útilokaður frá því eftir frumvarpinu að taka þátt í vali slíks bankaráðs; sá atvinnuvegur leggur þó bönkunum til aðalviðskiftin.
4. Þá virðist svo, að það geti ekki komið til mála, að bankaráð, sem á að halda »einn fund á viku og oftár, ef þörf þykir«, geti starfað launalaust, eða að bægt sje að ætlast til, að nokkurt öryggi geti falist í starfsemi slíks bankaráðs, sem á að starfa endurgjaldslaust.

5. Landsstjórnin virðist betur fallin til þess að velja menn til að endurskoða sparisjóðina en bankaráð, sem er þannig valið, og það mun ríkisstjórnin framkvæma, ef fje er veitt til þess.

6. Þá er rjett að benda á, að samkvæmt reglugerð Landsbankans ákveður ríkisstjórnin nú vexti af sparisjóðsfje Landsbankans, eftir tillögum banka-
stjórnar, og virðist vel fara á því, að svo sje farið að einnig framvegis.

Og banki, sem hefir 3 bankastjóra, eins og stórbankar í útlöndum, ætti að vera einfær um að ákveða útlánsvexti og að gæta þess, að þeim sje stilt í hóf, enda stendur bankinn undir eftirliti ríkisstjórnarinnar og öll bankastjórnin valin af ríkisstjórninni.

7. Þá ætlast frumvarp þetta til, að svona skipað bankaráð ákveði »hversu veltufje bankanna skuli skiftast milli atvinnugreina landsins«.

Það virðist vera mjög undir atvikum komið, hvernig fje skiftist milli atvinnugreinanna, og því örðugt að setja neina ákveðna reglu um það á hin-
um ýmsu tímum. Atvinnuvegir vorir grípa líka svo mjög hver inn í annan hjer á landi, þar sem mikill fjöldi bænda t. d. lifir bæði til sjós og sveita, enda virðist sú sundurgreining geta komið alveg af sjálfu sjer, þegar Ríkis-
veðbankinn tekur til starfa með nægu rekstrarfje, eða veðdeild Landsbankans tekur aftur til starfa á sama hátt og hún var rekin hjer áður, eins og bent hefir verið á í öðru sambandi.

Báðar þessar stofnanir og Ræktunarsjóðurinn hafa verið stofnaðar ekki sist til þess, að landbúnaðurinn hefði þar athvarf. Og ekki stendur á öðru en því, að þinginu hepnist að láta landbúnaðinn hafa not af þessum stofnunum, einkum veðdeildinni.

Eins og ástatt er í þessu landi er mjög örðugt að finna eftirlitsfyrir-
komulag með bönkum og sparisjóðum, sem veiti nægilegt öryggi og sem gæti yfirleitt orðið til heilla fyrir þjóðina. Bankaráðsfyrirkomulag, hvernig sem um það væri búið, getur tæplega veitt slíkt nauðsynlegt öryggi.

Sennilega mundi vera hollara að stofna lífstiðarembætti fyrir 1—2 »kritiska« endurskoðendur, sem lærðu sjerstaklega að rannsaka rekstur banka og sparisjóða og sem hefðu ekki önnur störf á hendi. Gætu slíkir endur-
skoðendur þá alið upp og valið menn til að endurskoða sparisjóði landsins, sem eigi mundu þurfa að vera fastlaunadir menn.

Aðalendurskoðendurnir yrðu að vera alveg óháðir hinum pólitísku flokkum, og þess vegna yrði staða þeirra að vera konungleg embætti.

Með þessum bendingum leyfir minni hlutinn sjer að leggja til, að máli þessu sje visað til stjórnarinnar.

Alþingi, 25. apríl 1923.

Sigurður H. Kvaran.

Björn Kristjánsson,
framsögumaður.